

n 12. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 20. febrúar 2019 klukkan 8:30

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Nanna Jónsdóttir sem varamaður Egils Sigurðssonar, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Fulltrúar E-listans (EG og NJ) gera athugasemd að boðun fundarins hafi ekki verið í samræmi við gildandi sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 og samþykktir um stjórn og fundarsköp, 11. grein, tilkynning til íbúa um fundi hreppsnefndar.

Oddviti lagði fram tillögu að dagskrárbreytingu, að inn komi nýr dagskrárliður 7.7. Tillagan var samþykkt samhljóða.

1. Stefán Kári Sveinbjörnsson, Landsvirkjun, kemur á fund hreppsnefndar og kynnir endurhönnun Búrfellslundar, sbr. bókun hreppsnefndar á 10. fundi þann 12. desember 2018.

Stefán Kári boðaði forföll og er þessum dagskrárlið frestað um einn mánuð.

2. Fundargerðir til samþykktar:

2.1. 169. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 18-92.

Mál nr. 1; Miðmundarholt 1-6; Ásahreppur; Breytt notkun lóða vegna rekstrarleyfis; Aðalskipulagsbreyting – 1804005.

Lögð fram skipulags- og matslýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Landeigandi íbúðarlóða á Miðmundaholti hefur óskað eftir að á lóðunum verði heimilt að vera með gistingu í flokki II skv. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016. Gerð verður breyting á greinargerð og uppdrætti á þá veru að svæðið breytist í Verslunar- og þjónustusvæði.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi skipulagslýsingu dagsetta 2.1.2019 sem skýrir væntanlega breytingu á gildandi aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að íbúðarsvæði Í3 í gildandi aðalskipulagi er breytt í verslunar- og þjónustusvæði. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og kynna lýsinguna almenningi skv. sömu grein skipulagslaga.

Mál nr. 2; Kálfholt 2 K2 L165296; Reitur F1; Breytt byggingarform; Deiliskipulagsbreyting – 1812010.

Eyrún Jónasdóttir leggur fram tillögu frá Verfræðistofunni EFLU dags. 13.12.2018, að breytingu á gildandi deiliskipulagi í Kálfholti 2, í Ásahreppi. Breytingin fellst í að í stað 5 smáhýsa á reit F1, verður heimilt að byggja allt að 120 m² hús ætlað til ferðaþjónustu. Svæðið er í samræmi við aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022, skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða umrædda breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Brynja J. Jónasdóttir vísar af fundi undir þessum dagskrárlið.

Mál nr. 35; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18-92 – 1812002F.
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19.12 2018 lagðar fram til kynningar.

- 2.2. 170. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-93.
Mál nr. 1; Syðri-Hamrar 1 land L220069; Miðás 2; Breytt heiti lóðar – 1901054.
Lögð fram umsókn Ástu B. Ólafsdóttur, dags. 21. janúar 2019, um breytingu á heiti landeignarinnar Syðri-Hamrar 1 land L220069 í Ásahreppi. Óskað er eftir að landið fái heitið Miðás 2.
Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við að landið fái heitið Miðás 2.
Ásta B. Ólafsdóttir vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

Mál nr. 2; Syðri-Hamrar 1 land L217521; Sauðholt IV; Breytt heiti lóðar – 1901064.

Lögð fram umsókn Guðmundar Gíslasonar og Sigurlaugar Steingrímisdóttur, dags. 24. janúar 2019, um breytingu á heiti landeignarinnar Syðri-Hamrar 1 land L217521 í Ásahreppi. Óskað er eftir því að landið fái heitið Sauðholt IV. Landið liggur m.a. upp að jörðinni Sauðholt III og er það heiti samþykkt af Örnefnanefnd árið 2013. Þegar eru til jarðirnar Sauðholt og Sauðholt 2. Skv. umsækjanda er ekki fyrirhugað að óska eftir lögbýlisleyfi á landeigninni.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við nafnabreytinguna en mælir með að landið fái heitið Sauðholt 4 og að heiti Sauðholts III verði breytt í Sauðholt 3 til samræmis.

Guðmundur vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Mál nr. 15; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19-93 – 1901003F
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 23.01 2019 lagðar fram til kynningar.

- 2.3. 171. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-94.
Mál nr. 1; Húsar 1 land L165337; Áshamrar; Breytt heiti lóðar – 1901055.
Lögð fram umsókn Óðins Jóhannssonar og Laufeyjar Christensen, dags. 14. janúar 2019, um breytingu á heiti landeignarinnar Húsar 1 land L165337 í Ásahreppi. Óskað er eftir að landið fái heitið Áshamrar. Meðfylgjandi er rökstuðningur landeiganda fyrir nafninu.
Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við að landið fái heitið Áshamrar.


Mál nr. 2; Ás 1-3 land L176490; Steinás; Breytt heiti lóðar – 1902013.

Lögð fram umsókn Reynis Arngrímssonar og Nönnu Maju Norðdahl, dags. 22.01.19, um breytingu á heiti lóðarinnar Ás 1-3 land L176490, í Ásahreppi. Óskað er eftir að landspildan sem er skráð 4,8 ha að stærð fái heitið Steinás. Rök fyrir nýrri nafngift eru þau að spildan er á bökkum Steinslækjar og er úr landi Áss.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við að landið fái heitið Steinás.

Mál nr. 3; Húsar 1 land L165337; Byggingarmagn og -reitir; Deiliskipulag – 1902019.

Efla Verkfræðistofa leggur fram f.h. Geirs Magnússonar og Óðins Arnar Jóhannssonar deiliskipulagstillögu dagsetta 21.1.2019, fyrir landspilduna Húsar 1 land L165337, í Ásahreppi. Deiliskipulagstillagan tekur til byggingar íbúðarhúss, hesthúss, skemmu og gestahúsa. Landeigandi hyggst byggja jörðina upp og hafa þar fasta búsetu. Aðkoma að jörðinni er af Kálhóltsvegi nr. 288 og um núverandi



aðkomuveg. Í aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 eru Húsar 1 skilgreindir sem landbúnaðarland en einnig sem frístundasvæði F4 og er gert ráð fyrir þeim þremur frístundahúsum sem eru á Húsa-jörðunum. Frístundasvæðið er táknað með hring og er því ekki um nákvæma afmörkun þess að ræða.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022, og samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps deiliskipulagstillöguna auk greinargerðar og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 23; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19-94 – 1902001F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 06.02 2019 lagðar fram til kynningar.

- 2.4. 201. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu (taka afstöðu til 3. dagskrárliðar).
Fundargerðin lög fram til kynningar og afgreiðslu á 3. dagskrárlið. Varðandi 3. dagskrárlið þá samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps samhljóða fyrir sitt leyti fyrir liggjandi tillögu um flokkun á lífrænum úrgangi með tunnu í tunnu lausn. Einnig að afhent verði karfa fyrir íbúa til að hafa innandyra auk maíspoka fyrir söfnunina.
Fram kemur í tillögunni að Sorpstöðin muni kosta fjárfestinguna.
- 2.5. 64. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (taka afstöðu til 2. liðar undir almenn mál).
Fundargerðin lögð fram til kynningar og afgreiðslu á 2. dagskrárlið. Varðandi 2. dagskrárlið þá samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps samhljóða fram lagða framkvæmdaráætlun í barnavernd fyrir sitt leyti.

3. Fundargerðir til kynningar:

- 3.1. 200. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.
- 3.2. 6. fundur stjórnar Odda bs.
- 3.3. 7. fundur stjórnar Odda bs.
- 3.4. 63. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
- 3.5. 58. fundur stjórnar byggðasamlags UTU.
- 3.6. Opinn fundur oddvitaneftndar með fulltrúum aðildarsveitarfélaga varðandi seyruverkefni, haldinn 30. janúar 2019.
- 3.7. 275. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 3.8. 276. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 3.9. 193. fundur heilbrigðisneftndar Suðurlands.
- 3.10. 542. fundur stjórnar SASS.
- 3.11. 543. fundur stjórnar SASS.
- 3.12. 867. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

4. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps 2018; staða bókhalds þann 15. febrúar 2019.

Sveitarstjóri lagði fram rekstraryfirlit frá bókhaldi Ásahrepps. Gerði hann grein fyrir nokkrum atriðum sem enn hafa ekki verið færð í bókhaldi sem munu hafa áhrif á rekstrarstöðu.

Umræða varð um stöðu reksturs sveitarsjóðs Ásahrepps.



5. Ákvörðun um að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Brunavarna Rangárvallasýslu bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Tillaga liggur fyrir um að hreppsnefnd Ásahrepps samþykki hér með á hreppsnefndarfundum að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Brunavarna Rangárvallasýslu bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 60.000.000, með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034. Nær samþykki hreppsnefndar Ásahrepps jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til að fjármagna kaup á slökkvistöð sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Valtý Valtýssyni, kt. 221060-2379, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Ásahrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Fyrirliggjandi tillaga er samþykkt samhljóða.

6. Erindi Björns Inga Jónssonar, verkefnisstjóra almannavarna vegna NSR (Neyðarsamstarf raforkukerfisins) æfingar.

Lagt fram tölvuskeyti Björns Inga Jónssonar, verkefnastjóra Almannavarna, dagsett 12. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir því að sveitarfélögin yfirfari stöðu sína gagnvart almannavarnaáætlunum. Til stendur að halda æfingu raforkufyrirtækja í lok febrúar 2019 þar sem æfð verða viðbrögð vegna tjóns og truflana í raforkukerfinu ef til náttúruhamfara kemur.

Sveitarstjóra falið að koma sjónarmiðum hreppsnefndar Ásahrepps á framfæri og vera jafnframt í samstarfi við Rangárþing ytra um þá þætti sem snertir sveitarfélögin sameiginlega.

7. Innsend bréf og erindi:

7.1. Bréf Öryrkjabandalags Íslands, dags. 12. febrúar 2019; fyrirsprun um notendaráð fatlaðs fólks.

Lagt fram bréf Öryrkjabandalags Íslands þar sem fram kemur fyrirspurn um notendaráð fatlaðs fólks í sveitarfélaginu.

Þau sveitarfélög sem standa að Bergriðnum bs. hafa sameiginlegt notendaráð og einnig samstarfshóp.

Sveitarstjóra falið að svara fyrirspurn Öryrkjabandalags Íslands og upplýsa um hvernig málum er háttað gagnvart Ásahreppi.

7.2. Bréf HSK, dags. 31. janúar 2019; héraðsþing HSK á Laugalandi 14. mars 2019. Lagt fram bréf HSK, dagsett 31. janúar 2019 þar sem fram koma óskir um aðstoð Ásahrepps við undirbúning og framkvæmd héraðsþings HSK sem haldið verður að Laugalandi þann 14. mars n.k.

Sveitarstjóri hefur verið í samskiptum við framkvæmdastjóra HSK og mun Ásahreppur bjóða þingfulltúum í kvöldmat á þinginu og jafnframt fundarkaffi þegar þeir koma til þings, sbr. fyrri samþykkt hreppsnefndar. Einnig mun sveitarstjóri taka að sér að vera annar af þingforsetum þingsins.

- 7.3. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 29. janúar 2019; beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir sölu gistingar í flokki II, Torp Trading ehf í Hellatúni.
Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn hreppsnefndar Ásahrepps vegna umsóknar Torp Trading ehf, kt. 470406-1940, um rekstrarleyfi fyrir sölu gistingar í flokki II í Hellatúni 2 fnr. 219-8008. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir að umrætt leyfi verði veitt.
- 7.4. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 31. janúar 2019; beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir sölu gistingar í flokki II, Reynir Örn Pálmason í Skammalæk.
Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn hreppsnefndar Ásahrepps vegna umsóknar Reynis Pálmasonar, kt. 170471-4319, um rekstrarleyfi fyrir sölu gistingar í flokki II, vegna Skammalækjar fnr. 228-7351.
Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir að umrætt leyfi verði veitt.
- 7.5. Tölvuskeyti Jóns Á. Jóhannssonar, dags. 27. janúar 2019; ósk um að fella landeignir út af fjallskilaskrá.
Lagt fram tölvuskeyti Jóns Á. Jóhannssonar þar sem hann óskar eftir að eignirnar Ásmundarstaðir 3, landnr. 165267 og Ásmundarstaðir 1 2/5 landnr. 187658 verði teknar út af fjallskilaskrá.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vísa erindinu til fjallskilanevndar til umsagnar.
Nanna Jónsdóttir vék af fundi undir þessum dagskrárlið.
- 7.6. Tölvuskeyti Magnúsar Ársælssonar, dags. 22. janúar 2019; beiðni um að fá afnot af skálanum í Hvanngiljum í nokkra daga í ágústmánuði.
Lagt fram tölvuskeyti Magnúsar Ársælssonar þar sem óskað er eftir að fá afnot af Hvanngiljahöll í fjóra daga í ágústmánuði þegar hann ásamt félögum sínum fara á gæsaveiðar. Ef hreppsnefnd fellst á að leyfa þeim að gista þarna þá munu þeir uppfæra lýsingu í húsinu og jafnframt tilbúnir að sinna einherjum smávægilegum viðhaldsverkefnum ef óskir eru um, á meðan þeir dvelja á staðnum.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ræða við bréfitara og vera í sambandi við fjallskilanevnd.
- 7.7. Tölvuskeyti SASS, Þórðar F. Sigurðssonar, dags. 15. febrúar 2019; tilnefning fulltrúa í samráðsvettvang Sóknaárætlunar Suðurlands 2020 til 2024.
Lagt fram tölvuskeyti SASS þar sem óskað er eftir tilnefningu fjögurra fulltrúa frá Ásahreppi í samráðsvettvang Sóknaárætlunar Suðurlands 2020 til 2024. Óskað er eftir tilnefningu tveggja kjörinna fulltrúa í hreppsnefnd og síða aðra tvo fulltrúa úr sveitarfélaginu.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að tilnefna eftirtalda aðila sem fulltrúa Ásahrepps:
Ásta B. Ólafsdóttir
Egill Sigurðsson
Örn Ingi Ingvarsson
Erla Brimdís Birgisdóttir





8. Bréf og erindi til kynningar:


- 8.1. Bréf Íbúðalánasjóðs, ódagsett; húsnæðisáætlanir sveitarfélaga.
- 8.2. Ráðstefna um framtíðarskipan vinnunnar og breytingar á vinnumarkaði.
- 8.3. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 11. febrúar 2019; auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.
- 8.4. Drög að reglum um sérkröfur til skólábifreiða (er á samráðsgátt stjórnvalda).
- 8.5. Bréf Öldu félags um sjálfbærni og lýðræði, ódagsett; kynning á ráðgjöf um styttingu vinnuvikunnar og eflingu lýðræðis.
- 8.6. Bréf forsætisráðuneytis, dags. 28. janúar 2019; sveitarfélögin og heimsmarkmiðin.
- 8.7. Skýrsla Landgræðslu ríkisins, Lr 2018/36; Mótvægisáðgerðir vegna Sporðöldulóns, áðgerðir 2018.


Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:40.



Ásta B. Ólafsdóttir


Guðmundur Gíslason


Brynja J. Jónasdóttir


Elín Grétarsdóttir


Nanna Jónsdóttir


Valtýr Valtýsson